

## GJALDSKRÁ

### skipulags- og byggingarmála í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskylda.*

Fyrir útgáfu leyfa, úttektir, vottorð, skjalagerð, yfirlestur gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Sveitarfélagið Árborg veitir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar í umboði bæjarstjórnar gjöld skv. gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

##### *Ráðstöfun gjalda.*

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

#### 3. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi hefur veitt.

Innfalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, yfirferð séruppdráttar, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingar eftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð, vottorð um lokaúttekt og skráning húss hjá Þjóðskrá Íslands.

Fjárhæð byggingarleyfisgjalds fer skv. eftirfarandi töflu:

a)

<b>Íbúðarhúsnæði:</b>		kr.
i. Einbýlishús	pr. hús	195.000
ii. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	pr. íbúð	162.231
iii. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús önnur en í iv-lið	pr. íbúð	162.231
iv. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum o.fl.	pr. íbúð	97.339

b)

<b>Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:</b>	kr.
Gjald pr. m <sup>2</sup> húsnæðis	406

c)

<b>Önnur hús og viðbyggingar við önnur hús en skv. b):</b>	kr.
Sólstofur, garðhús, heimilisgróðurhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús og viðbyggingar allt að 40 m <sup>2</sup> . Tilkynningarskyldar framkvæmdir	73.004
Viðbyggingar 41-100 m <sup>2</sup>	97.339
Ef viðbygging er stærri en 100 m <sup>2</sup> skal greiða sömu gjöld og af því húsnæði sem byggt er við.	

d)

<b>Önnur úttektarskyld mannvirki:</b>	kr.
Opin skýli, stöplar og undirstöður	97.339

Ef um er að ræða húsnæði með blandaðri notkun skal byggingarleyfisgjald lagt á eftir a) og b) lið þessarar greinar.

Gjöld skv. a) – d) lið hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, með grunn frá 1987, eins og hún er skráð hjá Hagstofu Íslands hverju sinni. Grunnvísitala er vísitala febrúarmánaðar 2015, 618,1 stig.

## 4. gr.

*Þjónustu- og leyfisgjöld.*

Greiða skal eftirtalin þjónustu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi:

a)

	kr.
Yfirferð aðal- og séruppdráttá sem ekki er innifalin í öðru gjaldi	16.223
Úttekt sem ekki er innifalin í öðru gjaldi	23.523
Öryggisúttekt	23.523
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	9.734
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	23.523
Vottorð vegna rekstrarleyfa, án úttektar	9.734
Vottorð vegna rekstrarleyfa, með úttekt	23.523
Eignaskiptayfirlýsingar, yfirferð, pr. klukkustund	11.700
Húsaleiguúttektir, íbúðarhúsnæði	17.034
Húsaleiguúttektir, annað húsnæði	23.523
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	9.734
Stöðuleyfi, fyrir gáma og smáhýsi	14.867
Stöðuleyfi, með úttektum	44.867
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	23.523
Leyfi fyrir skipti á utanhússklæðningu á einbýlis-, par- og raðhúsum	23.523
Leyfi fyrir skipti á utanhússklæðningu á fjölbýlishúsum	97.339
Leyfi fyrir skipti á utanhússklæðningu, annað húsnæði	*)
Stöðuúttekt, sem ekki er innifalin í öðru gjaldi	17.034
Stofnun lóða í Landskrá fasteigna skv. 48. gr. skipulagslaga (skipting landa og lóða)	12.716
Stofnun lóða í Landskrá fasteigna á grundvelli deiliskipulags:	
<i>Grunngjald</i>	6.041
<i>Landnúmer umfram eitt</i>	3.141
Breyting á skráningu í Landskrá fasteigna	5.298

\*) Vegna leyfis fyrir skipti á utanhússklæðningu á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði greiðist afgreiðslugjald og gjald fyrir hverja úttekt.

b)

Ljósritun	A2 pr. eintak	200
Ljósritun	A3 pr. eintak	100
Ljósritun	A4 pr. eintak	50

Gjöld skv. a) lið hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, með grunn frá 1987, eins og hún er skráð hjá Hagstofunni hverju sinni. Grunnvísitala er vísitala febrúarmánaðar 2015, 618,1 stig.

## 5. gr.

*Gjald fyrir skipulagsvinnu.*

Vegna grenndarkynninga skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfa skv. 13. og 14. gr. og vegna deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum sbr. 2. mgr. 20. gr. sömu laga, skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
a) Fyrir grenndarkynningu leyfisumsóknar	22.045
b) Fyrir afhendingu grunnlandupplýsinga fyrir skipulagsvinnu	9.734
c) Vegna breytingar á aðalskipulagi, umsýslu- og auglýsingakostnaður	140.000
d) Vegna deiliskipulags:	
i. umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna nýs deiliskipulags	140.000
ii. umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	70.000

iii. umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	35.000
iv. kostnaður við að svara athugasemdum vegna skipulagsvinnu skv. liðum a) til d)	skv. reikningi
e) Vegna framkvæmdaleyfa:	
i. Leyfisgjald vegna framkvæmdaleyfis skv. 14. gr.	130.000
ii. Leyfisgjald vegna annarra framkvæmdaleyfa	95.000
iii. Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalin í framkvæmdaleyfi, pr. ferð	23.523

## 6. gr.

*Innheimta – lögveð.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfis- og þjónustugjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöldum skv. gjaldskránni fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

Komi til vanskila á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari skal byggingarfulltrúi synja um útgáfu vottorðs fyrir viðkomandi mannvirki.

## 7. gr.

*Gjalddagi.*

Gjalddagi byggingarleyfisgjalds skv. 3. gr. er við útgáfu byggingarleyfis, sem tekur ekki gildi fyrir en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

Frestur er ekki veittur á greiðslu byggingarleyfisgjalds þó svo að byggingarleyfishafi fresti byggingarframkvæmdum.

Gjalddagi þjónustugjalda er við útgáfu reiknings fyrir veitta þjónustu.

Gjalddagi framkvæmdaleyfisgjalds er við útgáfu leyfis, sem tekur ekki gildi fyrir en framkvæmdaleyfisgjald hefur verið greitt.

Gjalddagi gjalda skv. 4. gr. er sem hér segir:

Skv. lið a): Áður en grenndarkynning fer fram.

Skv. lið b): Við afhendingu gagna.

Skv. lið c) og d): Við samþykkt tillögu til auglýsingar eða grenndarkynningar.

Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

## 8. gr.

*Endurgreiðsla.*

Falli byggingarleyfishafi frá notkun byggingarleyfis eða það fellur úr gildi er heimilt að endurgreiða 50% gjaldsins.

## 9. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá byggingarleyfis- og þjónustugjalda í Sveitarfélaginu Árborg nr. 468/2015.

*Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, 26. apríl 2017.*

**Ásta Stefánsdóttir,**  
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.